



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

FORSETAHJÓN VIÐSTÖDD KRÝNINGU KARLS III. BRETAKONUNGS

Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, og Eliza Reid forsetafrú halda í dag til Lundúna og taka þar þátt í dagskrá vegna krýningar Karls III. Bretakonungs.

Dagskráin hefst síðdegis á föstudag þegar konungur býður til móttöku í Buckinghamhöll sem forsetahjónin sækja. Laugardaginn 6. maí fer krýning hans svo fram í Westminster Abbey. Að krýningu lokinni býður James Cleverly, utanríkisráðherra Bretlands, gestum til hádegisverðar í Church House við Dean's Yard í Westminster.

Meðan á dvöl hjónanna stendur í London mun forseti einnig sækja morgunverðarfund um málefni smárra þróunareyríkja (e. Small Island Developing States) í Lancaster House. Ísland hefur stutt ötullega við SIDS aðgerðaáætlun UNESCO sem miðar að því að efla sjálfbærni smárra þróunareyríkja.

4. maí 2023

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Sif Gunnarsdóttir forsetaritari (664 8249) og Una Sighvatsdóttir, sérfræðingur á skrifstofu forseta (895 8885).